




Frá Nýhöfninni.



Veggteppi Júlíönu Sveinsdóttur (Rya-röggvarfeldur). Eigendur Halldóra og Leifur Sveinsson.



Mynd Gunnlaugs Blöndal af konu við vaskafat.

Kaupmannahafnarbréf í febrúar

eftir Leif
Sveinsson

Hnípin þjóð í vanda

Danmörk er enn án fjárlaga, 119.000 atkvæði hafa verið endurtalin, en á meðan brá Poul Schlüter forsætisráðherra sér suður á Kanaríeyjar með gamla kappreiðahjólíð sitt, þar sem hann taldi sig nánast atvinnulausan meðan endurtalning fer fram. Þar sem Spies hafði lagt myndarlega í kosningasjóð íhaldsmanna, fékk Schlüter einnig frítt fyrir hjólíð sitt. Í gær lágu fyrir úrslit endurtalningarinnar og hafði 800 atkvæðum verið breytt, en það hafði engin áhrif á endanleg úrslit þingkosninganna. Í þessu sambandi rifjaðist upp fyrir mér saga úr Alþingiskosningum á 4. tug aldarinnar austur í Rangárvallasýslu. Yfirkjörstjórn sat á lokudum fundi og fékk enginn aðgang að stofu sýslumanns, nema sýslumannsfrúin, sem bar inn kaffi annað slag. Nú eru kjörstjórnarmenn með alveg óskiljanlegt atkvæði, alls staðar ritað á kjörseðilinn, nema þar sem átti að merkja. Þá kemur frúin inn í kasti miklu, lítur á störf kjörstjórnar og kallar: „Nei, eruð þið með atkvæðið mitt.“

Það var vist margt svipað með þessi 800 atkvæði á Kristjánborg.

Scandinavian Modern 1880—1980

Við hjónin vorum boðin að vera við opnun sýningarinnar Scandinavian Modern 1880—1980, en svo nefnist listiðnaðar- og hönnunarsýning, sem var á 18 mánaða ferðalagi í USA sem hluti af menningarkynningunni Scandinavia Today, 1982—1983. Nú er sýningin komin til Kaupmannahafnar og verður opin þar til 1. apríl nk.

Sýningin var opnuð hér 2. febrúar og er til húsa í Listiðnaðarsafni Danmerkur í Breiðgötu 68, en það er gamall spítali, sem Jónas Hallgrímsson dó í 26. maí 1845. Var spítalanum breytt í safn á 3. áratugnum undir stjórn hins fræga arkitekts Kaare Klint. Menningarmálaráðherra Dana, frú Mimi Stilling Jacobsen, opnaði sýninguna að viðstaddri Margréti drottningu og manni hennar, Henrik prins.

Allmargt er þarna íslenskra muna, svo sem veggteppi þeirra Júlíönu heitinnar Sveinsdóttur og Ásgerðar Búadóttur, vasi Guðmundar heitins frá Miðdal, silfur-

munir eftir þá Jens Guðjónsson og Guðbrand Jezorski, stólar eftir þá Gunnar Magnússon og Svein heitinn Kjarval, lampi eftir Pétur B. Lúthersson, glerlist eftir Sigrúnu Einarsdóttir, Steinunn Marteinsdóttir á þarna vasa, Jónína Guðnadóttir verkið „Vor í lofti“, Þorbjörg Þórðardóttir er þarna með tauprykk, og að lokum sýna þarna tvenn hjón, Sigríður Jónsdóttir og Leifur Breiðfjörð sýna veggteppi, en Sigrún (Rúna) Guðjónsdóttir og Gestur Þorgrímsson sýna fat úr steinleir.

Þetta er lofsvert framtak hjá Íslendingum, sérstaklega þegar haft er í huga, að þetta er í fyrsta sinn síðan 1959 í París, að íslenskur listiðnaður er sýndur á samnorrænni sýningu, ef frá eru taldir vefnaðarsýningar. Allir eru munirnir landi og þjóð til sóma, m.a. er mynd af glerskál Sigrúnar Einarsdóttur í sýningarskrá. Berlingske Tidende segir í umsögn um sýninguna: Nytjalist í heimsklassa. Dönsku blöðunum er eðlilega tíðræddast um sína menn, þá Arne Jacobsen, Hans Wegner og Finn Juhl húsgagnaarkitekta, að ögleymdum Kaare Klint. Alvar Aalto fær einnig mikið umtal, svo og norskir og sænskir hönnuðir, en landinn er hvorki nefndur hjá Berlingske eða Politiken og sannast þar hið fornkeðna, að hverjum bykir sinn fugl fagur. En nú má íslenskt listiðnaðarfólk ekki

láta deigan síga, heldur sækja nú fram af krafti, þannig að ekki líði 25 ár á milli þátttöku í samnorrænum sýningum á sviði listiðnaðar.

Það er ómaksins vert fyrir íslenska ferðamenn í Khöfn í febrúar og mars að skoða sýninguna í Breiðgötu 68.

Semja þarf um fjárlögin

Nú er Poul Schlüter kominn úr Kanaríeyjaferðinni brúnn og sællegur. Hann telur sig þurfa að semja við Anker Jørgensen um fjárlögin, því hann telur ótryggt að reida sig á þrjú atkvæði frá Grænendingum og Færeyingum. Sósíaldemókratar krefjast ríflegra framlaga á fjárlögum til þess að minnka atvinnuleysi hjá ungu fólki. Stjórnin er heldur ófús til þess, en einhvers staðar verður líklega mæst á miðri leið. Þetta minnir á Fjárhagsráð í gamla daga: Ef þú verður með þessari jeppaumsókn, þá skal ég vera með þinni. Enn er í minni svar Magnúsar Jónssonar dósentis, er lengi var formaður Fjárhagsráðs, er maður einn sótti um jeppa fyrir bróður sinn, sem var prestur austur á jörðum: „Kristnaði ekki Páll postuli Rómaveldi jeppalaus, næsti.“

Velferðarríki á villigötum

Danir voru komnir út í algerar ógöngur með félagslega hjálp. Ég

hlustaði á þátt í danska sjónvarpinu fyrir nokkrum árum og þá offbaud mér alveg. Einn þáttakandinn í umræðunum heimaði að allir ættu kost á „borgaralaunum“ án þess að vinna, við það myndu svo mörg störf losna, að þeir, sem endilega vildu vinna, fengju allir atvinnu. Samkvæmt upplýsingum Sameinuðu þjóðanna og OECD um árið 1982 er kaupmáttur atvinnuleysisbóta hæstur í Danmörku, þannig að skiljanlegt er, að menn séu verkfælnir með allt að 92% styrk, enda mun þetta vera heimsmet. Storm P. lýsti Danmörku fyrir daga styrkjaðfganna þannig: Róni kom að finni villu og bankaði upp á, húsfreyja kemur til dyra og spyr með þjósti: „Hvad vil De?“ (Hvad viljið þér?), en róninn svarar: „Hvad har De? (Hvad eigið þér?).“

Þetta minnti mig á Júlla gamla skó, sem lengi hafði verkstæði í Adalstræti 9 og Þórbergur kallar sérfræðing sinn í praktískri lífsfílósófiu í inngangi sínum að Eddu. Júlli skó sagði um vin sinn Óla frá Bæ: „Æi, hann er meiri aumingi en hann þyrfti að vera.“ Danir eru nú að endurskoða alla sína félagsmálalöggjöf með dæmi Óla frá Bæ að leiðarljósi.

Veðrið

Janúar var sá vætusamasti í Danmörku síðan 1921, rigndi 103 mm í mánuðinum, enda hver einasta ferð uppseld hjá ferðaskrifstofunum, sem sérhæfa sig í sólareyjum. En í dag, 5. febrúar, stýtti upp um hádegis og fórum við hjónin þá með vínafólki okkar íslensku út á Sjáland og snæddum hádegisverð í Strandmøller Kroen,

Sjósókn og aflabrogð í Vestfirðingafjórðungi í janúar:

Línubáturinn Þrymur með 159,7 lestir

ágæt rækjuveiði

MORGUNBLAÐINU hefur borizt eftirfarandi yfirlit yfir aflabrogð og sjósókn í Vestfirðingafjórðungi í janúarmánuði frá skrifstofu Fiskifélags Íslands á Ísafirði:

Veðurfar var mjög óstöðugt í janúar og oftast skakviðri á miðunum útaf Vestfjörðum með miklum fannkomum. Var sjósókn því örðug allan mánuðinn. Afli var mjög tregur bæði hjá línubátum og togurum, nema helzt línubátum

frá Patreksfirði, sem voru með dágóðan afla í mánuðinum.

Í janúar stunduðu 13 (13) togarar og 15 (19) bátar botnfiskveiðar frá Vestfjörðum, en 56 (47) bátar stunduðu rækjuveiðar. Botnfiskaflinn í mánuðinum varð 4.444 lestir, en var 4.350 lestir í janúar í fyrra. Afli línubáta var nú 1.639 lestir í 252 róðrum eða 6,5 lestir að meðaltali í róðri. Er það nokkru betra en í fyrra, en þá var meðalaflinn 5,8 lestir.

Aflahæsti línubáturinn var Þrymur frá Patreksfirði með 159,7 lestir í 19 róðrum, en í fyrra var

Vestri frá Patreksfirði aflahæstur í janúar með 124,8 lestir í 18 róðrum. Guðbjörg frá Ísafirði var aflahæst togaranna bæði árin, nú með 281,8 lestir, en í fyrra með 389,8 lestir.

Aflinn í einstökum verstöðvum:

Patreksfjörður			
Signaturey tv.	198,7 lestir	í 4 ferðum	
Þrymur	159,7 lestir	í 19 ferðum	
Vestri	156,5 lestir	í 19 ferðum	
Patrekur	146,6 lestir	í 20 ferðum	
Tálknafjörður:			
Tálknfirðingur tv.	274,8 lestir	í 3 ferðum	
María Júlía	124,5 lestir	í 19 ferðum	
Stigandi	26,6 lestir	í 5 ferðum	
Bildadalur:			
Jón Þórðarson	40,0 lestir	í 1 ferð	

Pingeyri:			
Sléttanes tv.	199,8 lestir	í 3 ferðum	
Frarnes I tv.	155,5 lestir	í 3 ferðum	
Flateyri:			
Ásgeir Torfason	129,6 lestir	í 20 ferðum	
Gyllir tv.	117,2 lestir	í 3 ferðum	
Sif	75,0 lestir	í 13 ferðum	
Dagstjarnar tv.	26,6 lestir	í 1 ferð	
Suðureyri:			
Elín Þorbj.d tv.	225,2 lestir	í 4 ferðum	
Sigurvón	133,9 lestir	í 20 ferðum	
Bolungarvík:			
Dagrún tv.	162,6 lestir	í 3 ferðum	
Jakob Valgeir	131,3 lestir	í 20 ferðum	
Hugrún	127,9 lestir	í 20 ferðum	
Heiðrún tv.	94,7 lestir	í 4 ferðum	
Halldóra Jónsd.	79,1 lestir	í 15 ferðum	
Ísafjörður:			
Guðbjörg tv.	281,8 lestir	í 3 ferðum	
Páll Pálsson tv.	227,9 lestir	í 3 ferðum	
Jóhús Geir.m.s. tv.	203,2 lestir	í 4 ferðum	
Orri	133,6 lestir	í 20 ferðum	
Guðbjartur tv.	113,5 lestir	í 3 ferðum	
Víkingur III	99,0 lestir	í 15 ferðum	
Guðný	75,8 lestir	í 17 ferðum	
Þorlákur ÁR	11,7 lestir	í 1 ferð	
Súðavík:			
Bessi tv.	190,3 lestir	í 3 ferðum	

Aflatölur bátanna eru miðaðar við óslægðan fisk, en aflatölur togaranna við slægðan fisk.

	1984		1983	
	Lestir	Bátar	Lestir	Bátar
Arnarfjörður	63	9	197	7
Ísafjarðardjúp	565	34	1.196	28
Húnaflói	241	13	576	12
	869	56	1.969	47

Aflinn í hverri verstöð í janúar

	1984	1983
Patreksfj.	682 lestir (522 lestir)	
Tálknafj.	441 lest (351 lest)	
Bildadalur	40 lestir (155 lestir)	
Pingeyri	391 lest (320 lestir)	
Flateyri	371 lest (313 lestir)	
Suðureyri	383 lestir (239 lestir)	
Bolungarvík	628 lestir (629 lestir)	
Ísafjörður	1.283 lestir (1.543 lestir)	
Súðavík	225 lestir (278 lestir)	
	4.444 lestir (4.350 lestir)	

Rækjuveiðar

Rækjuveiðar hófust á ný 5 janúar, en þá höfðu veiðar legið niðri frá því um miðjan desember. Ágætur afli var á öllum veiðisvæðunum. Heildaraflinn í mánuðinum var 869 lestir, en var 594 lestir í janúar í fyrra. Á haustvertíðinni veiddust 1.100 (1.194) lestir. Eru því komnar á land 1.969 (1.778) lestir frá byrjun haustvertíðar. Í janúar stunduðu 56 bátar rækjuveiðar frá Vestfjörðum, en það er níu bátum fleira en í fyrra. Aflinn í janúar skiptist þannig eftir veiðisvæðum:

	1984		1983	
	Lestir	Bátar	Lestir	Bátar
Arnarfjörður	63	9	197	7
Ísafjarðardjúp	565	34	1.196	28
Húnaflói	241	13	576	12
	869	56	1.969	47